

Minnisblað til mennta- og menningarmálaráðherra

Starfsemi Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands hóf starfsemi á ný í Vestmannaeyjum 1. júní sl. Dr. Filipa Samara, hvalasérfræðingur, hefur verið ráðin í ársverkefni sem akademískur sérfræðingur við háskólann. Rannsóknir Filipu snúa einkum að háhyrningum, hegðun, hljóðum og ferðum þeirra. Filipa þekkir vel til Vestmannaeyja þar sem hún og rannsóknahópur hennar, með stuðningi verkefnastyrks Rannís, hafa unnið rannsóknir sínar út frá Vestmannaeyjum sl. sumur. Meðan á því verkefni stóð var Filipa í stöðu sérfræðings við Hafrannsóknastofnun.

Filipa og fjölskylda hennar fluttu til Vestmannaeyja nú í byrjun mánaðarins en Paul Wensveen, eiginmaður hennar, verður jafnframt í stöðu nýdoktors við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands næstu þrjú árin. Vinnuaðstaða þeirra verður í húsnæði Þekkingarseturs Vestmanneyja. Mikilvægt er að hafa aðgang að slíku rannsóknaumhverfi, auk samstarfsmöguleikanna sem felast í því að t.d. Hafrannsóknastofnun og Beluga Whale Sanctuary eru með starfsemi í Vestmannaeyjum.

Reynsla Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er að rannsóknaverkefnum á borð við þau sem Filipa (og Paul) munu vinna að í Vestmannaeyjum fylgja framhaldsnemendur, möguleiki á innlendum sem erlendum samstarfsverkefnum og möguleikar á frekari styrkjasókn, hérlendis sem erlendis. Með öflugu fólki eins og þeim, aukast möguleikar á öflun fjármagns úr samkeppnissjóðum til uppbyggingar rannsóknainniðna, reksturs rannsóknaverkefna og fyrir launum framhaldsnema, en hafrannsóknir eru dýrar og mannaflsfrekar.

Verkefnið verður hluti af Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands næsta árið, þar sem markmiðið er að skapa aðstöðu til rannsókna á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Stofnunin er jafnframt vettvangur samstarfsverkefna Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands hefur fjármagn til eins árs, en mikilvægt er að tryggja rekstrargrundvöll verkefnisins til lengri tíma sem gæti orðið að sjálfstæðu Rannsóknasetri Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum til framtíðar. Til þess að svo geti orðið þarf 15 m.kr. til rekstrar á ársgrundvelli, en kostnaðurinn felst fyrst og fremst í launum forstöðumanns, ferðakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Gert er ráð fyrir nokkru sjálfsaflafé fyrir grunnrekstri starfsseminnar, en óskað er eftir fjármögnun mennta- og menningarmálaráðuneytisins, að fjárhæð 6 m.kr. fyrir árið 2021 og 12 m.kr. á ársgrundvelli framvegis.

Með bréfi þessu förum við þess á leit við mennta- og menningarmálaráðuneytið að ráðuneytið heimili að stofnað verði Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum og styðji við starfsemina með

fjárframlagi. Mikil sóknarfæri eru við þessar aðstæður sem nú ríkja með því að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf um land allt og nýta þau miklu tækifæri sem liggja á sviði rannsókna og þekkingarstarfsemi.

Mikill áhugi er hjá bæjaryfirvöldum og atvinnulífinu í Vestmannaeyjum á að efla rannsókna og þekkingarstarfsemi í bæjarfélaginu en frumkvæði heimamanna skiptir miklu máli um hvernig tekst upp við uppbyggingu slíkrar starfssemi. Nú þegar hefur mikil vinna átt sér stað í Vestmannaeyjum í tengslum við hvernig efla megi nýsköpun og þekkingarstarfssemi í bæjarfélaginu og mun sú vinna og sá mikli áhugi heimamanna koma til með að styrkja stoðir starfsemi Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum.

10. júlí 2020

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands